

Fundur framkvæmdanefndar

28. febrúar 2022

Mætt voru: Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Einar Már Sigurðsson og Skúli S. Ólafsson sem tók fundargerð.

1. Erindi frá Skeggjastaðasókn um sölu á Skeggjastöðum rætt. Neðri hæð prestbústaðar hefur verið notað sem safnaðarheimili og geymsla auk þess sem salernisaðstaða er í húsinu. Sóknarnefndin hefur áhyggjur af sölnni.
Áveðið að funda með sóknarnefnd.
2. Erindi frá forsætisnefnd kirkjuþings um þóknun til framkvæmdanefndar.
Forsætisnefnd óskaði eftir því við þóknunarnefnd að hún tæki til afgreiðslu þóknun framkvæmdanefndar kirkjuþings. Þóknunarnefnd hefur svarað erindinu og ákvarðað þóknun til framkvæmdanefndar.
3. Ásdís Clausen fjármálastjóri kom á fundinn. Ræddi um endurgreiðslu á VSK af viðhaldi vegna vinnu.
4. Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem kom á fundinn.
 - a. Fjallað var um erindi Skeggjastaðasóknar. Jörðin og fasteignir er komin í undirbúning sölufelis. Rætt verður við fulltrúa sóknarnefndar um hugmyndir þeirra sjá lið nr.1.
 - b. Kröfur Kristins Jens Sigurþórssonar fv. sóknarprests í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd um fjárbætur rætt.
Framkvæmdanefnd hefur kynnt sér málið og forsögu þess og telur ekki grundvöll fyrir kröfunni.
 - c. Rætt um væntanlega sölu fasteignar Hamrahlíð 12 á Vopnafirði. Nefndin telur rétt að selja fasteignina og felur Brynju að setja sölufeli af stað.
 - d. Íbúðarhús að Syðra-Laugarlandi. Frágangur á fasteign, verið er að ganga frá lausum endum svo hægt sé að setja eignina í sölufeli.
 - e. Framkvæmdanefnd óskar eftir að fá aðgang að stefnumálum og samantekt um fasteignir, þ.m.t. eignastefnu kirkjuþings og úttekt á skógrækt og endurheimt votlendis sem unnin hafði verið.
5. Rætt var um drög að starfsreglum um Rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar sem lagðar verða fram á kirkjuþingi í mars.